

Greinargerð

vegna augýsingar Umhverfisstofnunar á tillögu að starfsleyfi fyrir Dýrfisk ehf. til að stunda fiskeldi í Dýrafirði sbr. ákvæði reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun

Umhverfisstofnun hefur unnið tillögu að starfsleyfi fyrir Dýrfisk ehf. til að framleiða í sjókvíum allt að 2000 tonn árlega af regnbogasilungi og laxi í Dýrafirði. Starfsleyfið er auglýst sbr. ákvæði reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og feril sem tiltekinn er í reglugerðinni.

Áður en sótt var um starfsleyfi hjá Umhverfisstofnun var fjallað um málið hjá Skipulagsstofnun sem þann 3. júní 2009 gaf út úrskurð þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að sjókvíaeldi á allt að 2.000 tonnum af regnbogasilungi og/eða laxi í Dýrafirði sé ekki líklegt til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Upphafleg umsókn kom fram um starfsleyfi í maí 2011, en Umhverfisstofnun féllst ekki á að um fullnægjandi umsókn væri að ræða. Bætt var úr flestu því sem vantaði í desember 2011 en þó ekki gerð fullnægjandi grein fyrir notkun gróðurhamlandi efna sem innihalda koparoxíð við varnir gegn ásætum í kvíum. Komið hafði fram að nota ætti slík efni. Upplýsingum um efnanotkunina var bætt við umsóknina í febrúar 2012 og var hún þá samþykkt til afgreiðslu.



Mynd 1: Eldissvæði Dýrfisks ehf. samkvæmt áformum sem kynnt voru í umsókninni og voru drögum að starfsleyfistillögu sem send var til Heilbrigðisnefndar Vestfjarða og Orkustofnunar. Myndin er fengin úr umsóknargögnunum.

Eins og rakið hefur verið við auglýsingar á starfsleyfistillögum nokkurra annarra aðila sem hafa undirbúið og byrjað kvíaeldi í sjó hefur Umhverfisstofnun talið að mikilvægt sé að afla sérstaklega upplýsinga um nýtingu svæða, þegar þau eru utan netlaga. Svæði utan netlaga eru ekki skipulagsskyld og því liggur ekki fyrir hvort önnur starfsemi er til staðar á þessum

svæðum. Umhverfisstofnun úthlutar ekki svæðum með útgáfu starfsleyfis en með þessari eftirgrennslan stofnunarinnar er reynt að gæta þess eins og kostur er að starfsemin magni ekki um of umhverfisáhrif annarar nýtingar en undir það geta t.d. fallið siglingaleiðir, fiskveiðar og efnistaka. Með þessu er leitast við að hafa málsástæður við afgreiðslu málsins vel rannsakaðar.

Réttaráhrifin af veitingu starfsleyfa þar sem tilgreint er athafnasvæði utan netlaga eru þau að utan svæðisins er starfsemin ekki leyfð. Afmörkun svæðisins miðar að því að afmarka áhrif mengunar frá starfseminni og sem grunnur að vöktun á mengunaráhrifum vegna hennar. Ekki er því um að ræða að nokkurs konar yfirráðaréttur fáið með starfsleyfisútgáfu til ákveðinna svæða enda getur bann við mengun utan vissra svæða ekki eitt og sér leitt af sér slíkan rétt. Ekki er heldur útilokað að önnur stjórnvöld en Umhverfisstofnun takmarki starfsemina enn meira.

Við vinnslu tillögunnar var haft samráð við umsækjanda og Heilbrigðisnefnd Vestfjarðasvæðis og var þessum aðilum send drög að tillögunni. Einnig var leitað til Orkustofnunar um hvort fyrir lægju hjá henni upplýsingar sem varði nýtingu á þeim svæðum sem tilgreind voru í viðauka í drögunum. Í því skjali voru tilgreind þrjú svæði í Dýrafirði (sjá mynd 1).

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða gaf umsögn um málið 16. apríl 2012 og þar kom fram að tvö fiskeldisleyfi væru í gildi í Dýrafirði fyrir allt að 200 tonna framleiðslu á ári. Þá var bent á að ferðaþjónusta væri vaxandi og boðið upp á ferðir í Dýrafirði með Víkingaskipinu Vésteini á sumrin. Einnig að smábátaleiga og sjóstangveiði væri að ryðja sér til rúms og að taka þyrfti tillit til háannatíma ferðamanna. Umhverfisstofnun sendir hlutaðeigandi aðilum starfsleyfistillöguna til umsagnar til að tryggja að upplýsingar um málið liggi fyrir hjá þeim.

Í umsögn Orkustofnunar sem dagsett er 7. maí 2012 kemur fram gagnrýni á kortið á mynd 1 og það er sagt ónákvæmt með tilliti til hnita sem einnig voru gefin í drögunum. Bent var á að Orkustofnun hefði veitt Íslenska kalkþörungafélaginu ehf. leyfi þann 8. febrúar 2010 til leitar og rannsókna á kalkþörungaseti á hafsbotni í Dýrafirði, Tálknafirði og Patreksfirði. Leyfið var útvíkkað og framlengt þann 29. júní 2011 og gildir það til ársins 2024.

Í samantekt kemur fram að Orkustofnun er ekki kunnugt um að veitt hafi verið leyfi til leitar, rannsókna, nýtingar/töku á jarðhita í Dýrafirði á árabílinu 1990 til 2012. Gerð var tilraun með hitastigulsholu árið 1976 en niðurstöður þótti ekki gefa tilefni til framhaldsrannsókna. Þá er Orkustofnun ekki kunnugt um að leyfi hafi verið veitt til leitar, rannsókna, nýtingar/töku á mól og sandi, skeljasandi eða málmum. Hugsanlega er þó hægt að vinna slík efni í Dýrafirði.

Sem leyfisveitandi samkvæmt lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins gerir Orkustofnun tillögu um að öll eldissvæði Dýrfisks ehf. verði staðsett á meira en 30 m sjávardýpi þar til rannsóknarniðurstöður liggja fyrir um tilvist kalþörungasetis, lífandi kalkþörungna, mól, sand og skeljasand í botni Dýrafjarðar.


Þess skal getið að Umhverfisstofnun gerði nýtt kort sem fylgir starfsleyfistillögunni sem auglýst er (hér með birt sem mynd 2). Almennu er það hins vegar hnitin sem gilda en ekki kortin.

Varðandi athugasemdir Orkustofnunar um dýpið kom Dýrfiskur því á framfæri að dýpi í Dýrafirði væri ekki mikið og að krafa um 30 metra dýpi yrði afar íþyngjandi. Eins og sjá má á mynd 3 sem sýnir dýpi í firðinum er ekki svo að sjá að pláss sé í firðinum til að verða við þessari tillögu. Jafnframt þessu hefur Dýrfiskur farið yfir það hvert athafnasvæði kvíanna er í raun og veru. Í tölvupósti rekstraraðila kemur fram að svæðið er á hverjum tíma lítill hluti af eldissvæðinu eins og sjá má á mynd 4 sem er skýringarmynd frá rekstraraðila sem þó má ekki taka of bókstaflega. Á myndinni sést hugsanlegt athafnasvæði kvíabyrpingar eins og ætlunin er að setja upp sem rauður ferhyrningur. Dýrfiskur telur að vinnsla á botninum gæti verið möguleg samhliða eldinu.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við þessi sjónarmið rekstraraðila.



Mynd 2: Í tillögu Umhverfisstofnunar að starfsleyfi er lagt til að eitt eldissvæði verði notað. Þetta svæði er við Haukadalsbót og er það svæði sem upphaflega var tilkynnt til Skipulagsstofnunar.



Mynd 3: Dýrfiskur sendi Umhverfisstofnun þessa mynd í júní 2012 til skýringar á dýpt í Dýrafirði og staðsetningu kvía. Eins og sjá má er ekki auðvelt að staðsetja kvíar á meira en 30 m dýpi.

Við undirbúning starfsleyfistillögunnar kom fram að eldissvæðin höfðu ekki öll verið til umfjöllunar hjá Skipulagsstofnun þegar úrskurður var kveðinn upp þann 3. júní 2009. Athugun á þeim frumgögnum sem þar voru til meðferðar sýndi að þau gögn tiltóku aðeins eitt

Þeirra eldissvæða sem Dýrfiskur hafði áhuga á, þ.e. eldissvæði H. Umhverfisstofnun benti Dýrfiski því á að senda þyrfti Skipulagsstofnun fyrirspurn um hvort að um breytta framkvæmd væri að ræða og var það gert. Þann 30. ágúst 2012 kom svar Skipulagsstofnunar í tölvupósti, sem var á þá leið að stofnunin teldi að breyting af þessu tagi væri tilkynningarskyld skv. lið 13a í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum (Allar breytingar eða viðbætur við framkvæmdir skv. 1. eða 2. viðauka sem hafa þegar verið leyfðar, framkvæmdar eða eru í framkvæmd og kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif).

Viðbrögð Dýrfisks við þessu svari eru þau að ljúka starfsleyfisumsókn miðað við upphaflega tilkynnt svæði, sem Skipulagsstofnun úrskurðaði þann 3. júní 2009 að bæri 2.000 tonna eldi af regnbogasilungi og/eða laxi. Umhverfisstofnun vinnur meðfylgjandi tillögu samkvæmt þeirri niðurstöðu. Samkvæmt upplýsingum frá Dýrfiski mun félagið hins vegar hefja vinnu við að afla leyfis fyrir a.m.k. tvö svæði til viðbótar til að geta síðar meir komið af stað þriggja svæða kynslóðaskiptu eldi.



*Mynd 4: Hluti af mynd sem Dýrfiskur sendi til skýringar á áhrifasvæði einnar kvísamstæðu við botn. Rauði ferhyrningurinn sýnir reit sem er 300*500 m en það er það svæði sem framkvæmdin þekur við botninn með festingum. Dýrfiskur telur að svigrúm sé til annarar starfsemi í grennd, t.d. kalkþörungavinnslu.*

Í samræmi við ofangreint hefur Umhverfisstofnun ákveðið að auglýsa tillögu að starfsleyfi fyrir Dýrfisk ehf. Aðilum sem koma að ferðaþjónustu og kalkþörungavinnslu hefur sérstaklega verið send tillagan til umsagnar, auk aðila sem Umhverfisstofnun hefur upplýsingar um og kynnu að hafa hagsmuna að gæta varðandi það svæði sem eldið verður á. Jafnframt því er nokkrum opinberum aðilum send tillagan til umsagnar.

Öllum er þó heimilt að gera athugasemdir við tillöguna á auglýsingatímanum, þó þeir hafi ekki sérstaklega fengið hana senda.